

Eineltisáætlun Hádegishöfða

Einelti er langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi eða jafnvel einstaklingum sem ekki eru færir um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.¹

Þegar vitneskja um einelti berst til leikskólans frá nemendum, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið til deildarstjóra. Hann ákveður næstu skref eftir eðli málsins og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir.

Forvarnir við einelti í leikskólanum:

- Deildarstjóri hafi reglulega umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti og hegðun.
- Hópstjórar hafi reglulega umræðu í hópum sínum um líðan, samskipti og hegðun.
- Deildarstjóri og nemendur vinni saman reglur á deildinni gegn ofbeldi og einelti.
- Nemendur þjálfist í hópvinnu og sýni hverjir öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.
- Stuðla að samvinnu heimila og leikskóla.
- Koma á fræðslu um einelti fyrir foreldra.
- Gæsla sé virk á öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leikstofum og í vettvangsferðum.
- Það er á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir þessari áætlun.
- Leikskólastjóri sér um að upplýsingar og vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli málsins. Til dæmis til deildarstjóra. Einnig ber hann höfuðábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun.

¹ http://heimiliogskoli.is/heimiliogskoli/frettir/?cat_id=27362&ew_0_a_id=133121

Það sem við getum öll gert:

- Taka einelti alvarlega og reyna að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Afla góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.
- Hvetja börnin til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim.
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti, við að breyta hátterni sínu.
- Gera börnunum grein fyrir að einelti í leikskóla hefur áhrif á starf og líðan allra á deildinn þar sem einelti viðgengst.
- Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust þeirra, sem fyrir því verða.

Hlutverk starfsmanna leikskólans:

- Að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Hlusta á börnin og lesa í samskipti þeirra. Mikilvægt er að leikskólastjóri og aðrir starfsmenn komi vitneskju um einelti sem allra fyrst til deildarstjóra.

Hlutverk nemenda leikskólans:

- Að koma vitneskju um einelti til starfsmanna.

Hlutverk foreldra:

- Að vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barna sinna.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda utan leikskólatíma, til dæmis með stofnun vinakeðja.

Fyllsta trúnaðar skal gætt við meðferð eineltismála

Könnunarstig:

Þegar vitneskja berst um einelti til leikskólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans, er henni komið til deildarstjóra. Deildarstjóri greinir málið samkvæmt skilgreiningu leikskólans á einelti. Á könnunarstigi leitar deildarstjóri eftir upplýsingum frá kennurum og öðrum sem koma að skólastarfinu. Deildarstjóri getur lagt fyrir tengslakönnun og í framhaldi af henni er hugsanlegt að hafa skipulögð einstaklingsviðtöl. Hann ákveður næstu skref eftir eðli málsins og getur ráðfært sig við leikskólastjóra.

Framkvæmdastig:

1. Ef deildarstjóri metur að um einelti sé að ræða á sinni deild, gerir hann forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni.

Farið er yfir:

- Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.
- Hvað forráðamenn þolanda og geranda/gerenda geta gert til aðstoðar barni sínu og leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
- Að foreldrar geti sjálfir haft samband við leikskólastjóra.
- Samstarf foreldra og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.

2. Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki grein fyrir stöðu mála.

3. Allt ferlið er skráð í dagbók af deildarstjóra og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik.

Leikskólastjóri fylgist með framgangi málsins. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja leikskólans er leitað til sérfróðra aðila í stoðkerfi leikskólans.

Unnið upp úr eineltisáætlun Fellaskóla
í samstarfi við stjórnendur skólans

Síðast yfirfarin júní 2007